

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Svar við fyrirspurn um stöðu tillögu vegna útvvars á fjármagnstekjur

Á fundi borgarráðs þann 23. júní 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Á borgarstjórnarfundum 3. september 2019 var tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að leita til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna útvvars á fjármagnstekjur lögð fram. Í bókun borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri-grænna vegna tillögunnar var því miðlað að málinu yrði vísað til borgarráðs til nánari skoðunar. Nú eru liðin að verða þrjú ár síðan málinu var vísað þangað. Hvenær er von á því að þetta verði tekið til fundar í borgarráði? Hvers vegna hefur það ekki komist enn á dagskrá?

Umsögn:

Tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands var vísað til skoðunar hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 23. september 2020. Málið er því ekki lengur á borði borgarráðs. Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 má finna í lið 3.3 að sambandið leggi áherslu á sjálfstæða tekjustofna sveitarfélaga og m.a. að sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjusköttum.



Virðingarfyllst,
Bjarni Þóroddsson
Miðlæg stjórnsýsla
Skrifstofa borgarstjórnar